

Sp.

357. Tillaga til þingsályktunar

[156. mál]

um lausn verkfalla.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Ólafur Jóhannesson, Magnús Kjartansson,
Þórarinn Þórarinsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að beita sér þegar í stað fyrir lausn verkfallanna með lagasetningu um verðtryggingu launa í samræmi við það, sem verkalyðshreyfingin hefur sett fram.

G r e i n a r g e r ð .

Eins og öllum er kunnugt, hafa nú skolið á viðtækari og alvarlegri verkföll en dæmi eru til um áður hér á landi. Um 60 félag munu standa að verkföllunum með yfir 20 þúsund félagsmenn.

Aðalástæðan fyrir verkföllunum er sú, að felld hafa verið úr lögum ákvæði um verðtryggingu launa, en á þeim ákvæðum voru raunverlega byggðir þeir kjarasamningar verkalýðsfélaganna, sem síðast voru gerðir.

Standi verkföllin lengur, er augljóst, að mikið tjón hlýzt af þeim fyrir þjóðarheildina.

Flm. þessarar till. telja verðtryggingu launa réttláta og eðlilega og því eigi að lögbinda á ný visitölugreiðslur á laun og leysa þannig þau verkföll, sem nú eru að stöðva mestallt atvinnulíf landsins.